

Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs 20. október 2021
VEL2021100009
RÁ/sá

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innheimtu skulda hjá leigjendum Félagsbústaða*

Þann 9. október 2019 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um innheimtu skulda hjá leigjendum Félagsbústaða:

Í ljósi mikilla umræðna sem hafa verið uppi um mögulegar breytingar á innheimtumálum hjá Félagsbústöðum spyr fulltrúi Sósíalístaflokksins hvort að leigjendur hjá Félagsbústöðum sem eru með eldri skuldir í greiðsludreifingu hjá Félagsbústöðum þurfi nokkuð að hafa áhyggjur af því að þær falli úr gildi?

Svar:

Haustið 2019 var unnið að endurskoðun á samningi við innheimtufyrirtækið MOTUS. Í samningnum er kveðið á um að MOTUS taki að sér að annast innheimtuviaðvaranir, sem Félagsbústöðum ber að senda samkvæmt innheimtulögum, og innheimtu vanskilakrafna. Endurnýjun samningsins hafði m.a. í för með sér lækkun innheimtugjalda og er áhersla lögð á góð samskipti, góða þjónustu við leigjendur, fagleg vinnubrögð og sveigjanleika. Veigamestu ákvarðanir varðandi innheimtu leiguskulda eru teknar af Félagsbústöðum, svo sem hvenær kröfur færast úr milliinnheimtu yfir í lögfræðinnheimtu, riftun leigusamninga og samkomulög í lögfræðiinnheimtu.

Áður en gengið var frá samningnum sem gildir til ársins 2024 var farið yfir þann möguleika að Félagsbústaðir sæju alfarið um innheimtu vanskila en ákveðið var að fara ekki þá leið. Stjórn félagsins var upplýst um viðræður vegna endurnýjunar samningsins og fékk kynningu frá forsvarsmönnum MOTUS áður en gengið var frá samningnum.

Um það leyti sem endurskoðun samningsins fór fram var ferli innheimtumála gert skýrara og einfaldara til þess að gæta jafnræðis meðal leigjenda, einfalda yfirsýn yfir leiguskuldir og til að bæta ferli og verklag innheimtumála. Í því skyni var tekið fyrir að

gert væri samkomulag um greiðsludreifingu uppsafnaðra leiguskulda á skrifstofu Félagsbústaða en allnokkuð var um að leigjendur væru bæði með samkomulag um greiðsludreifingu á skrifstofu félagsins og í gegnum MOTUS. Ekki voru gerðar breytingar á þeim samkomulögum sem fyrir voru en nú er staðan sú að örfáir leigjendur eru með greiðslusamkomulag vegna uppsafnaðra leiguskulda beint í gegnum skrifstofuna. Rétt er að geta þess að Félagsbústaðir heimila skuldlausum leigjendum að dreifa eins mánaðar leigugreiðslu í allt að 12 mánuði ef þess er óskað án aðkomu MOTUS.

Þessar breytingar hafa gengið vel og samhliða þeim hefur þjónusta starfsmanna skrifstofunnar við leigjendur í greiðsluferfiðleikum aukist með það að leiðarljósi að stuðla að húsnæðisöryggi. Riftunum vegna vanskila hefur fækkað umtalsvert milli ára 2020 og 2021 og um 95% leigjenda greiða leigureikninginn fyrir eða á eindaga.

Þjónustukönnun sem gerð var meðal leigjenda fyrr á þessu ári leiðir í ljós að ánægja leigjenda með þjónustu Félagsbústaða hefur aukist umtalsvert frá árinu 2018 og reyndust 72% svarenda frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna, sami fjöldi eða 72% leigjenda telja leiguverð hagstætt.

Beðist er velvirðingar á að svar við fyrirspurninni sem beint var til Félagsbústaða í október 2019 skuli ekki skila sér fyrir en nú.